



Hörðuvallaskóli

Kennsluáætlun

2025-2026

Bekkur: 2.bekkur

Námsgrein: Textílmennt

Fjöldi kennslustunda á viku: 2 kennslustundir, hver hópur fær 5 vikur

Kennarar: Brynhildur Olga og Guðbjörg (Bogga)

Markmið: Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2024).

Kennsluaðferðir: Innlögn frá kennara, sýnikennsla og einstaklingsvinna.

Námsgögn: Strigaefni, nál og kambgarn

Námsmat: Frammistaða nemanda er metin út frá þeim hæfniviðmiðum sem unnið er með hverju sinni út frá Aðalnámskrá grunnskóla. Hæfniviðmiðin eru metin út frá eftirfarandi matskvarða:

1.-2.bekkur	3.-10.bekkur		
Ekki gefið A	A	Framúrskarandi	Nemandinn sýnir framúrskarandi hæfni miðað við matsviðmið.
B+	B+	Mjög góð hæfni	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið, auk þess sem hann hefur að hluta til sýnt framúrskarandi hæfni.
B	B	Hæfni náð	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið.
C+	C+	Á góðri leið	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið. Vantar herslumuninn upp á að hæfni sé náð.
C	C	Þarfnast þjálfunar	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið en þarfnast þjálfunar á ákveðnum sviðum.
Ekki gefið D	D	Hæfni ekki náð	Hæfni nemanda í námi nær ekki matsviðmiðum. Gera þarf grein fyrir hæfni nemanda út frá einstaklingsmiðaðri námskrá og áætlun.

Nemendur og foreldrar/forráðamenn hafa aðgang að námsmatinu á Mentor. Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir allt skólaárið.

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar



Hörðuvallaskóli

Tímabil	Námsþáttur	Hæfniviðmið	Námsmat
Hver lota er 10 tímar	Kynning á áhöldum og efnum. Nemendur sauma með útsaumssporum. Nemendur þjálfast í að þræða nál og sauma einföld spor eins og þræðispor og afturstig. Læra að ganga frá endum. Saumavélin er kynnt fyrir þeim. Nemendur læra að sauma beinan saum í saumavél.	Að nemandi: -geti notað einfaldar aðferðir og beitt viðeigandi áhöldum -geti notað nokkur hugtök sem tengjast greininni. -geti unnið úr nokkrum gerðum textílefna,	Vinna í tíma.